

**Ed.**

**392. Breytingartillögur**

**[181. mál]**

við frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1991.

Frá Karvel Pálmasyni.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Við veitingu veiðileyfa skv. 3. gr. koma til greina þau skip sem leyfi fengu til botnfiskveiða á árinu 1985 og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri, einnig ný og nýkeypt sambærileg skip sem koma í stað skipa sem leyfi fengu 1985. Svo og ný og nýkeypt skip sem fjármögnuð hafa verið með erlendum lánum með heimild stjórnvalda á árunum 1986–1987. Þá skulu þau skip, sem koma í stað skipa er fórust á árunum 1983–1984 og ekki hafa verið endurnýjuð, eiga rétt á veiðileyfi sem sé meðaltal aflamarks skipa í sama stærðarflokki. Enn fremur skip þau sem sérstök veiðileyfi hafa fengið samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 97 20. desember 1985, um stjórn botnfiskveiða 1986–1987.

2. Við 10. gr. Greinin orðist svo:  
Botnfiskveiðar báta minni en 10 brl. eru háðar eftirgreindum takmörkunum:
  1. Veiðar eru ekki heimilar á eftirgreindum tímabilum:
    - A. Í tíu daga um páskahelgi 1988 og 1989. Enn fremur í tíu daga í ágúst og sjö daga í júní og október, hvorn mánuð, hvort ár.  
Fari mánaðarlegt aflamagn báta undir 10 brl. í einhverjum landsfjórðungi niður fyrir tvo þriðju af meðalafla þess mánaðar síðustu þrjú árin vegna ógæfta er ráðherra heimilt að aflétta næstu veiðistöðvun á eftir samkvæmt þessum staflíð.
    - B. Frá og með 15. desember 1988 til og með 15. janúar 1989 og frá og með 15. desember 1989 til og með 31. desember 1989.
  2. Netaveiðar báta undir 10 brl. skulu á tímabilinu frá og með 10. febrúar til og með 15. maí hvort ár vera háðar botnfiskveiðileyfum með sóknarmarki, þannig að heimilt sé að stunda veiðar í ákveðinn dagafjölda á ofangreindu tímabili með þorskaflahámarki.  
Ákvæði B-liðar taka einnig til netaveiða báta undir 10 brl.  
Ráðuneytið skal með auglýsingu tilkynna hvenær veiðar eru ekki heimilar skv. B-lið 1. tölul. og um sóknardagafjölda og þorskaflahámars, sbr. 2. tölul.  
Við ákvörðun sóknardagafjölda og þorskaflahámars skal hafa hliðsjón af veiðiheimildum 10 brl. báta og skal þorskaflahámarsk verið tveir þriðju af árlegu þorskaflahámarki 10 brl. báta sem ekki hafa aflatekjur af sérveiðum.
3. Við 12. gr. bætist ný málsgrein er verði 3. mgr. og orðist svo:  
Ráðherra skal með reglugerð skipta aflahámarki úthafsþækju hvers árs að jöfnu milli skipa og vinnslustöðva í landi. Við úthlutun leyfa til vinnslustöðva skal að hluta til tekið tillit til framleiðslu þeirra árin 1984–1987 og að hluta til framleiðslugetu.
4. Við 13. gr. bætist tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:  
Sé skip með veiðiheimild selt úr byggðarlagi, sem að mestu byggir á fiskveiðum og fiskvinnslu, skal ráðherra heimilt að bæta viðkomandi byggðarlagi aflatapið þannig að veiðiheimildir þeirra skipa sem eftir eru verði auknar. Heimild þessari má þó því aðeins beita að sala skips valdi straumhvörfum í atvinnulífi og hætta sé á byggðaröskun af þeirri ástæðu.
5. Við 15. gr. Greinin orðist svo:  
Sérstök samráðsnefnd skal fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark samkvæmt lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim. Í nefndinni eiga sæti fimm menn. Þrír skulu kosnir af Alþingi, einn tilnefndur sameiginlega af samtökum sjómanna og einn tilnefndur af samtökum útvegsmanna. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Samráðsnefnd skal kappkosta að leysa öll ágreiningsefni sem til hennar er vísað. Verði nefndarmenn ekki á eitt sáttir skal deiluefnið borið undir ráðherra til úrskurðar.
6. Fyrri másl. 21. gr. orðist svo:  
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988 og gilda til 31. desember 1989.
7. Ákvæði til bráðabirgða I orðist svo:  
Alþingi kýs hlutfallskosningu nefnd níu manna til að undirbúa tillögur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnar og nýtingu fiskstofna að loknum gildistíma laga þessara.  
Að ári liðnu skal nefndin leggja fyrir Alþingi bráðabirgðaálit á fiskveiðistefnunni ásamt tillögum um breytingar á lögum þessum telji hún það nauðsynlegt. Nefndin skal kanna eftirfarandi:
  1. Áhrif laga þessara á afkomu einstakra byggðarlaga, byggðapróun í landinu og sjávarútveg.
  2. Áhrif gildandi stjórnar á fiskstofnana, afrakstur þeirra og hagkvæmni veiða.

Í starfi sínu skal nefndin kynna sér rækilega hvaða áhrif fiskveiðistefna undanfarinna ára hefur haft á byggðarlög, fiskstofna og sjávarútveg.

Nefndin skal kynna sér eftir því sem fäng eru reynslu annarra þjóða af fiskveiðistjórn þeirra.

Hún skal leita álits og ráðgjafar hjá þeim sérfræðingum, stofnunum og hagsmunaaðilum, innan lands sem utan sem hún telur þörf á þannig að starf hennar skili sem bestum árangri við mótun sveigjanlegrar fiskveiðistefnu til framtíðar.

8. Ákvæði til bráðabirgða II orðist svo:

Skip sem koma í stað eftirtalinna skipa, er fórust á árunum 1983–1984, skulu eiga rétt á veiðileyfi sem sé meðaltal aflamarks skipa í sama stærðarflokki: Brimnes SH-257, Haförn SH-122, Hafrún ÍS-400, Bakkavík ÁR-100, Ragnar Ben ÍS-210, Kári VE-95, Þórunn ÞH-255, Hellisey VE-503, Sæbjörg VE-56 og Sóley SK-8.

9. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, III, er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skal Sigga Sveins, ÍS-29, skipaskrárnúmer 1846, úthlutað veiðileyfi er miðist við veiði á úthafsækju.